

REGLUGERÐ**um heimilishjálp og heimilisþjónustu á Sauðárkróki.****1. gr.**

Félagsmálaráð fer með stjórn heimilishjálpar og heimilisþjónustu í Sauðárkrókskaupstað. Umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálastjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar og heimilisþjónustu er:

- a. Að veita hjálpar á heimilum um stundarsakir þegar þess er þörf, vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum sem metnar eru gildar, sbr. lög nr. 10/1952.
- b. Að veita hjálpar á heimilum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir sem veita heimilinu forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis, sbr. lög nr. 10/1952.
- c. Að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum, sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

3. gr.

Umsókn um heimilishjálpar og heimilisþjónustu skal fylgja vottorð læknis um heilsufar umsækjanda og fullt samráð skal hafa við heimilislækni, er þurfa þykir.

4. gr.

Félagsmálaráð skal ganga úr skugga um að starfsmenn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf sem hafa lokið tilskildum námskeiðum.

5. gr.

Félagsmálastjóri semur reglur fyrir starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu, sem félagsmálaráð staðfestir.

6. gr.

Starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu taka laun frá Sauðárkrókskaupstað og skulu um launakjör gilda samningar milli Sauðárkrókskaupstaðar og stéttarfélags bæjarstarfsmanna. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim er þeir veita aðstoð.

7. gr.

Fyrir heimilshjálpar og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálaráði með hliðsjón af 4. gr. laga nr. 10/1952 og 1. gr. reglugerðar nr. 114/1971. Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu.

Félagsmálaráði er heimilt að gefa hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálpar og heimilisþjónustu eða fella greiðslur alveg niður, þegar sérstakar ástæður eru til slíkrar ívilnunar.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilshjálpar í viðlögum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. sept. 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.